



Efni: Heimild til að hefja frumathugun (e. proof of concept) á notkun Völu vinnuskóla

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja verkefnið frumathugun á Völu vinnuskóla í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur á umhverfis- og skipulagssviði.

Núverandi hugbúnaður í notkun hjá Vinnuskóla Reykjavíkur hefur ekki þjónað vinnuskólanum sem skyldi og hefur m.a. krafist mikillar handavinnu starfsmanna. Samningurinn við birgja er að renna út og því er tækifæri til að greina þær kröfur sem Vinnuskólinn gerir til stafrænnar lausnar með það fyrir augum þjóna starfseminni betur.

Með frumathuguninni er hugmyndin að reyna aðra hugbúnaðarlausn en þá sem fyrir er og meta með tilliti til hagkvæmni, tæknilegrar högunar og gagnsemi (viability/feasibility/desirability).

Í framhaldinu verður hægt að fara í stærra útboð á hugbúnaðarlausn fyrir Vinnuskóla Reykjavíkur með skýrar kröfur sem gerðar verða til lausnar fyrir þá sérhæfðu starfsemi. Tilgangurinn með frumathugun er fyrst og fremst að draga úr framtíðarkostnaði og sóun og koma í veg fyrir stórar fjárfestingar ef lausnir á markaði mæta ekki kröfum notenda.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, Áhöld, tæki og hugbúnaður PON, og tilheyrir verkefnaklasa 80001, Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins eru 3 mánuðir frá febrúar 2024 og út apríl 2024. Heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun er 10,5 m.kr., þar af tilheyra 4,4 m.kr. eignasjóði og 6,1 m.kr. í rekstrarkostnað í eitt ár sem greiðist af umhverfis- og skipulagssviði.

Erindið hefur verið lagt fram og kynnt á fundi stafræns ráðs, sbr. 3. lið fundargerðar ráðsins frá 28. febrúar 2024.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Greinargerð:

Meginhlutverk Vinnuskólans er að veita nemendum efstu bekkja grunnskólans uppbyggileg sumarstörf og fræðslu í öruggu starfsumhverfi. Nauðsynlegt er fyrir Vinnuskólann að halda vel utan um nemendur sína.

Vinnuskólinn gerir þá kröfu að hugbúnaður sé allt í senn, móttökustaður umsókna, upplýsingakerfi með nauðsynlegum upplýsingum um nemendur og foreldra/forráðamenn, viðveruskráningar, umsagnarkerfi, samskiptakerfi o.fl. Kerfið þarf að vera notendavænt fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra/forráðamenn. Þar sem leiðbeinendur og vinnuhópar eru staðsettir víðs vegar um borgina án aðgengis að tölvum er nauðsynlegt að hugbúnaðurinn virki einnig vel í snjalltækjum.

Óánægju hefur gætt með núverandi hugbúnað sem þykir ekki þjóna Vinnuskólanum sem skyldi og skapa umtalsverða handavinnu leiðbeinenda Vinnuskólans og miðlægrar skrifstofu. Af þeim sökum er ekki er vilji hjá umhverfis- og skipulagssviði til að framlengja þann samning. Frumathugunin mun snúa að því að reyna hugbúnað sem fjölmörg nágrannasveitarfélög hafa verið að nota en svo virðist sem hugbúnaðurinn henti sambærilegri starfsemi vel.

Með frumathugun er verið að prófa hugmynd eða tilgátu og meta hvort, í þessu tilfalli, hugbúnaður fellur að kröfum notenda, hvort hann mætir tæknilegum kröfum borgarinnar og sé hagkvæmur (feasibility/desirability/viability). Að sama skapi getur starfsfólk vinnuskólans gert sér betur grein fyrir nauðsynlegum eiginleikum hugbúnaðarlausnar og ákjósanlegum fyrir starfsemina. Tilgangurinn er að draga úr framtíðarkostnaði og sóun áður farið verður í stórt útboð. Þannig hjálpa frumathugunarverkefni við að koma í veg fyrir stórar fjárfestingar í kaupum á hugbúnaði ef síðar kemur í ljós að gagnast ekki starfseminni.

Jafnréttisskimun liggur ekki fyrir í frumathugunarverkefnum, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif. Jafnréttisskimun verður framkvæmd í framhaldi af niðurstöðum frumathugunar.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, Áhöld, tæki og hugbúnaður ÞON, og tilheyrir verkefnaklasa 80001, Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins eru 3 mánuðir frá febrúar 2024 og út apríl 2024. Heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun er 10,5 m.kr., þar af tilheyra 4,4 m.kr. eignasjóði og 6,1 m.kr. í rekstrarkostnað í eitt ár sem greiðist af umhverfis- og skipulagssviði.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þröstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur